

Komiði sæl kærur bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og aðrir gestir. Guðjón Snær heiti ég og tala hér í dag fyrir hönd nemenda í Fjölbrautarskóla Vesturlands. Þið munið kannski eftir mér frá því í fyrra því hingað er ég kominn í annað sinn.

Þó ekki fimmta skiptið eins og Jón Hjörvar, en það er annað mál.

Í fyrra sagði ég ykkur frá því að mér sem aðkomumanni fannst þetta spennandi staður en mér fannst Skagamenn gera mikið í því að halda því leyndu. En ekki lengur. Með heimasíðunni Skagalíf.is sem er ný farin í loftið en að vísu fáir vita enn um eru allar upplýsingar um allt það em er í boði fyrir alla aldurshópa á einum stað. Bærinn býður upp á ótrúlega marga möguleika og hér er gott að búa.

Til að hjálpa ykkur að rifja aðeins upp þá er ég búinn að búa á Akranesi í 2 og hálf t. ár til þess að stunda skólagöngu við Fva. Nú á dögum fór ég ásamt fleirum frá Akranesi og nokkrum hér inni á ungmennahúsi Vesturlands. Þar var ýmislegt rætt og tekið fyrir. En mesta snilldin við þennan vettvang er að geta borið sveitarfélögin saman. Ég vona innilega að þetta þing og það sem þar var rætt muni skila sér inn í umræðuna og hafa áhrif, ekki bara á Akranesi heldur á öllu Vesturlandi.

Það var líka gaman að sjá hversu vel Akranes er stutt miðað við hin sveitarfélögin. En af hverju er málþing fyrir ungt fólk svona mikil snilld? Það er vegna þess að þar heyrast raddir unga fólksins.

Í matinu á þinginu kom fram mjög mikil ánægja með þingið almennt og fyrirkomulagið. Sveitastjórnarfulltrúum um allt Vesturland var boðið og komu tveir fulltrúar héðan þau Bára Daðadóttir og Valgarður Lyngdal. Meðal þeirra sveitastjórnarfulltrúa sem mættu ríkti mikil ánægja með samtalið sem þeir áttu við unga fólk og þau mál sem voru rædd.

Í fyrra var gefin út handbók ungmennaráða sveitafélaga og var hún kynnt örlítið á síðasta bæjarstjórnarfundum unga fólksins. Eru einhverjir hér inni sem hafa kynnt sér þessa handbók? Nú langar mig aðeins að vitna í lög sem tekin eru fyrir á bls 8 í handbókinni

Í Barnasáttmálanum er talað um réttindi barna en samkvæmt honum eru einstaklingar börn upp að 18 ára aldri. Sáttmálanum er skipt niður í fjórar meginstoðir. Þær eru réttur til að þroskast og læra, réttur til lífs, réttur til þátttöku og réttur til verndar.

Réttur til þátttöku er ein af grunnstoðum ungmennaráða. Tvær málsgreinar Barnasáttmálans fjalla sérstaklega um rétt barns til þess að mynda eigin skoðanir, tjá þær og fá áheyrn.

Fyrsta málsgrein 12. greinar í Barnasáttmálanum segir:

*1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.<sup>2</sup>*

Fyrsta málsgrein 13. greinar í Barnasáttmálanum segir:

*1. Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skri ega eða á prenti, í formi lista eða eir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.<sup>3</sup>*

Æskulýðslögunum er ætlað að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi . Þá er lögð sérstök áhersla á að hvetja þau til virkrar þátttöku og frumkvæðis.

Önnur málsgrein 11. greinar Æskulýðslaga segir:

*Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.4*

Það er ekki nóg að röddinn sé mikilvæg hún er einnig lögbundin á ákveðin hátt. Hér er hægt að gera miklu betur og auka samtal og samráð við unga fólkið.

En að öðru

Sem utanabæjarmaður hérna á Akranesi þarf ég að finna mér húsnæði til að búa í á meðan ég er í skóla. Lögheimili mitt er í Borgarfirðinum hjá foreldrum mínum. Því er ég ekki eins heppinn og Jón Hjörvar að geta búið heima hjá foreldrum á meðan ég stunda framhaldsskólanám. En ég þarf að finna mér húsnæði og ef ég finn það þá er það á rándýru verði.(hér gætir þú fengið spurninguna af hverju þú ert ekki á heimasvist og þú færð dreifbýlisstyrk nánst fyrir gjaldinu á heimavistinni.) Ef ég finn ekki húsnæði þá bara get ég ekki búið hérna.

Það þarf að tryggja nægt framboð af húsnæði hér ef bærinn á að geta stækkað og ef Akurnesingar vilja halda í fólk lengur verður að fjölga ódýru íbúðarhúsnæði fyrir ungt fólk. Hvað varð um tillöguna hans Jóns Hjörvars um að byggja hér stúdentagarða? Þá gæti t.d ungt

fólk í háskólanámi valið að búa hér hvort sem það kemur frá Reykjavík eða annars staðar af landinu.

Nú langar mig aðeins að tala um körfuboltann. Körfuboltinn er annað hvort að byggjast upp eða deyja út á Akranesi eins og þið vitið öll. Nú þetta var aðeins rætt á þinginu að það sé lögð of mikil áhersla á fótbolta á Akranesi á kostnað annara íþróttagreina. Ég er sammála því. Aðstaða til að æfa í og iðka fótbolta er mjög góð. Sparkvellir Akraneshöllin ofl. En það þarf að taka fyrstu skrefin í að efla körfuboltann og hetya af stað átaki. Það þarf búa til velli þar sem hægt er að spila körfu. Það er hægt að gera það út um allt og kostar ekki mikið. Það er ekki hægt að spila körfu við Grundaskóla því körfuboltavöllurinn er inni á fótboltavellinum og komast því þá körfuboltakrakkarnir ekki í að spila körfu af því það er verið að spila fótbolta. Við Vesturgötu eru körfurnar í löglegri hæð 265cm +- 40 cm en malbikið ekki svo gott undir því.

Það sárvantar betri aðstöðu til þess að spila körfu utandyra til þess að auka áhuga virkni og aðstöðu til að efla körfuboltann á Akranesi. Við viljum fá kvennalið, öfluga yngri flokka og síðast en ekki síst að losna við það að helmingurinn af meistarflokki karla þurfi að koma frá Borgarnesi.

Takk fyrir mig